



Hreppsnefnd 19.11.09

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 19. nóv. 2009 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Mætt til fundar: Aðalbjörn Björnsson, Ólafur K. Ármannsson, Borghildur Sverrisdóttir, Halldóra S. Árnadóttir, Björn Halldórsson, Guðrún Anna Guðnadóttir og Þórdís Þorbergsdóttir.

Einnig mætt: Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri, Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð, og Signý Ormarsdóttir, gestur fundarins.

Dagskrá:

1. mál. Á fundinn mætir Signý Ormarsdóttir, framkvæmdastjóri Menningarráðs Austurlands, og gerir grein fyrir starfsemi ráðsins og stefnu.

Bauð oddviti fundarmenn velkomna til fundar, einkum Signý Ormarsdóttur og bauð henni að taka til máls. Gerði hún grein fyrir starfsemi ráðsins og menningarstefnu Austurlands fyrir árin 2009-2014. Í framhaldi voru ánægjulegar umræður og svaraði Signý framkomnum fyrirspurnum fundarmanna. Fram kom ánægja með störf Signýjar en um leið ótti við samdrátt fjárframlaga til menningarmála sökum þjóðfélagsástandsins.

2. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 5. nóv. sl.

3. Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 5. nóv. sl.

Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

4. mál. Fundargerð hafnarnefndar frá 16. nóv. sl.

Lögð fram fundargerð hafnarnefndar frá 16. nóv. sl. Sveitarstjóri kvaddi sér hljóðs undir 3. tl. fundargerðarinnar, varðandi kaup á bryggjukrana.

Hreppsnefnd tekur samhljóða undir samþykkt hafnarnefndar um kaup á bryggjukrana. Þá tók sveitarstjóri til máls undir 5. tl. fundargerðarinnar, gjaldskrármál. Gerði hann grein fyrir yfirliti, dags. 16. nóv. sl., sem liggur fyrir fundinum og greinir frá því hvaða breytingar eru á nýrri gjaldskrá samanborið við gildandi.

Að lokinni yfirferð samþykkti hreppsnefnd fyrirliggjandi tillögu hafnarnefndar um nýja gjaldskrá hafnarinnar, sem taka mun gildi frá og með 1. jan. 2010.

5. mál. Fundargerð stjórnar Brunavarna á Austurlandi frá 9. nóv. sl.

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Brunavarna á Austurlandi frá 9. nóv. sl.

6. mál. Bréf SSA dags. 7. nóv. sl., varðandi tilnefningu eins fulltrúa sveitarfélagsins í starfshóp SSA og sveitarstjórnarráðuneytisins.

Lagt fram bréf SSA frá 7. nóv. sl., þar sem óskað er eftir tilnefningu fulltrúa sveitarfélagsins í starfshóp, sem hafi það að meginverkefni að fjalla um hugsanlega sameiningu sveitarfélaganna á starfssvæði SSA í eitt sveitarfélag. Þetta er í samræmi við samþykkt á 43. aðalfundi SSA nú í haust.

Tillaga kom fram um að aðalfulltrúi Vopnafjarðarhrepps verði Ólafur Ármannsson og til vara Anna Pála Víglundsdóttir.

Fyrirliggjandi tillaga samþykkt samhljóða.

7. mál. Hamrahlíð 26, tilboð.

Lögð fram tvö tilboð í eignina, sem borist hafa eftir að hún var auglýst til sölu. Tilboð bárust frá eftirtöldum: 1. Ingólfur Bragi Arason, að fjárhæð 500 þús. kr. 2) Einar Ólafur Einarsson, að fjárhæð

900 þús. kr.

Ennfremur kynnt nýtt tilboð sem barst í dag frá Ingólfi Braga Arasyni að fjárhæð 1.500 þús. k.r
Hreppsnefnd samþykkti að fela sveitarstjóra að ganga til samninga við hæstbjóðanda

8. mál. Veiðifélag Hofsár og Sunnudalsár, félagsfundur 23. nóv. nk.

Farið var yfir helstu atriði nýrra samninga milli veiðifélagsins og leigutaka árinna.

Sveitarstjóri mæti sem fulltrúi sveitarfélagsins á fundinn.

9. mál. Ýmis bréf og erindi.

a) Svarbréf menntamálaráðuneytisins dags. 10. nóv. sl., varðandi tónlistarnám framhaldsskólanema.

Hreppsnefnd lýsir ánægu með svar ráðuneytisins og hvetur til þess að flýtt verði vinnu til lausnar máli þessu.

b) Fundargerð og skýrsla aðalfundar HAUST frá 11.nóv. sl.

Lögð fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:30